

Sveitarstjóri Dalabyggð

From: Sindri Sigurgeirsson <sindri.sigurgeirsson@arionbanki.is>
Sent: föstudagur, 13. nóvember 2020 14:17
To: Sveitarstjóri Dalabyggð
Cc: Ingvar Breiðfjörð Skúlason
Subject: RE: 2005011 - Umræður í sveitarstjórn Dalabyggðar um ályktun byggðarráðs varðandi breytingar á opnunartíma útibús Arion banka í Búðardal

Categories: Vistað í OneCRM; 2005011
One: -1

*Sveitarstjóri Dalabyggðar
Kristján Sturluson.*

Sæll og blessaður Kristján!

Vísað er til umræðu á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar um breytingar á opnunartíma útibús Arion banka í Búðardal. Og fyrirspurn um framtíðaráform bankans varðandi starfsemi útibúsins í Búðardal.

Svar mitt við þessu er eftirfarandi:

Almennt hefur fjármálaþjónusta tekið miklum breytingum á undanförunum árum og sú þróun mun halda áfram. Þjónusta Arion banka, þar með talið útibúanet bankans, tekur mið af þessu og er í stöðugri þróun. Til ýmissa þátta er horft þegar ákvarðanir eru teknar um starfsemi útibúa, t.a.m. eftirspurnar og fjarlægðar í næsta útibú. Sú staða sem er uppi í dag vegna heimsfaraldurs kórónaveiru hefur sett þjónustu Arion banka í uppnám og kallað á lokun útibúa og einungis sinnt fyrirfram pöntuðum heimsóknum. Gert er ráð fyrir að horfið verði til fyrra horfs þegar slakað verði á samkomutakmörkunum og að almennt verði opnunartími sá sami og var í sumar. Að öðru leyti varðandi fyrirspurn ykkar er staðan sú að engin áform eru uppi um að gera breytingar á starfsemi bankans í Búðardal.

Bestu kveðjur í Dalina.
Sindri

Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson

Svæðis- og útibússtjóri
0326 Borgarnes
sindri.sigurgeirsson@arionbanki.is

www.arionbanki.is

Beinn sími: 430 4460

Farsími: 897 9310

Sími: 444 7000

Arion banki hf., Digranesgata 2, 310 Borgarnes, Ísland

[Fyrirvari vegna tölvupósts](#)

Berum virðingu fyrir umhverfinu. Hugsaðu þig tvisvar um áður en þú prentar út þennan tölvupóst.